
STJÓRNARFUNDUR FORELDRA- OG HOLLVINAFÉLAGS ME, HALDINN 16. JANÚAR 2018 KL 17:00

Staðsetning: Fundarsalur ME.

Fundinn sátu: Guðný Drífa, Erna og Steinunn. Björn hafði boðað forföll.

Steinunn stýrði fundi og ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Upplýsingar sem Arion banki þarf vegna viðskipta.

Arion banki hafði óskað eftir upplýsingum um hverjir væru í stjórn og við útbjuggum blað með nöfnum okkar og kennitölum sem fer í bankann. Svo þarf formaður að svara áreiðanleikakönnun fyrir félagið og þá er allt í góðum málum.

2. Barkinn og ball.

Barkinn verður föstudaginn 26. janúar í Valaskjálfi og svo ball þar á eftir. Vonumst til þess að foreldrar verði duglegir að mæta í röltið hjá okkur.

3. Verkefni og staða mála.

- Ræddum um hvort sé ekki rétt að senda valkröfur á foreldra þeirra unglinga sem byrjuðu í skólanum um áramót. Steinunn fær upplýsingar um það hjá Arnari og sendir þá út kröfur.
- Það vantar 1 foreldri í stjórn og eins 2 varamenn. Ætlum að semja smá póst á foreldra og reyna að fá einhverja til að bjóða sig fram og fá Árna til að senda út fyrir okkur.

4. Önnur mál.

Ræddum áfengisdrykkju á böllum, finnst alveg komin tími á að fara að herða reglur í kringum þau. Þurfum að fara að ræða þetta við skólameistara og fleiri. Er kannski að koma sá tími að allir blási sig inn á böll? Eða fylgja þeim reglum fastar eftir að ef sést á vín á nemenda þá fái hann ekki inngöngu á ballið? Þarf klárlega að ræða þetta mun betur.

Næsti fundur verður í febrúar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 18:15